

Reykjavík, 18. nóvember 1997.

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund

150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ríkisábyrgðir.

Með bréfi dags. 24. október 1997 var óskað umsagnar Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. um ofangreint frumvarp. Umsögn bankans fylgir hér á eftir:

Umsögn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (FBA) um frumvarpið tekur einungis til þess þáttar frumvarpsins sem varðar hann mestu, en það er 6 gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um það að bankar, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta eða hafa notið ábyrgðar ríkissjóðs skuli greiða 0,25% (0,0625% \times 4) ábyrgðargjald á ári, af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á, en í því felst breyting, að því leyti, að verði frumvarpið að lögum ber FBA að greiða ríkisábyrgðargjald af öllum skuldbindingum sínum með ríkisábyrgð en ekki einungis skuldbindingum við erlenda aðila, eins og nú er.

Aðdragandi lagabreytinganna

Frumvarp það sem lagt hefur verið fyrir þingið er niðurstaða nefndar sem fjármálaráðherra skipaði árið 1993 til þess að fjalla um ríkisábyrgðir. Nefndinni var meðal annars falið að taka til skoðunar áhrif ríkisábyrgða á samkeppnisstöðu fjármálastofnana, skýra þau og meta. Á þeim tíma sem liðinn er frá skipan nefndarinnar hefur mikið breyst á íslenskum fjármálamarkaði, ríkisviðskiptabönnunum tveimur hefur verið breytt í hlutfélög og þrjár stærstu fjárfestingarlánasjóðir ríkisins hafa verið lagðar inn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Í skýrslu sem nefndin sendi frá sér er kemur fram, á bls. 6 í kafla 2.1., að nefndin telji að stefna beri að því að draga úr ríkisábyrgðum, einkum þar sem aðild ríkisins skekkir samkeppnisstöðu einkaðila. Í köflum 2.2. og 2.3. segir enn fremur að markvissasta aðgerðin til að jafna starfsskilyrði fjármálastofnana sé að breyta rekstrarformi fjármálastofnana ríkisins í hlutfélög.

Staða skuldbindinga FBA með ríkisábyrgð

FBA mun á áramótum taka við öllum skuldbindingum fjárfestingarlána-sjóðanna gömlu, en af þeim hafa Iðnþróunar-, Útflutnings- og Iðnlánasjóður notið ríkisábyrgðar en Fiskveiðasjóður ekki á lánunum teknum eftir 1992. FBA mun þann 1.1.1997 skulda tæpa 23 milljarða sem njóta ríkisábyrgðar, þar af eru um 9,5 milljarðar við erlenda aðila aðra en NIB, 6,9 milljarðar við NIB og um 5,5 milljarðar við innlenda kröfuhafa.

Í dag er aðstaðan sú, að greiða þarf ríkisábyrgðargjald af skuldbindingum við erlenda lánveitendur aðra en NIB, en ekki er greitt ríkisábyrgðargjald af skuldum við innlenda aðila og ekki heldur af skuldum við NIB¹. Verði frumvarp til laga um ríkisábyrgðir óbreytt að lögum, kemur það til með að hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir FBA, sem svarar til um 33,5 millj. kr. á ári.

¹ Skv. 2. gr. laga nr. 26/1976 hefur samningur um stofnun NIB frá 4. desember 1975, lagagildi hér á landi. 5. gr. samningsins fjallar um réttarstöðu bankans í aðildarríkjum samningsins; Danmörku, Finnlandi, Íslandi Noregi og Svíþjóð. 1. mgr. 5. gr. hljóðar svo: „Bankinn skal njóta sömu réttinda í aðildarríkjum að samningnum og persónur að lögum, sem reka sambærilega starfsemi.“ Samningurinn er birtur í stjórnmartíðindum á 5 tungumálum. Engin ákvæði eru í samningnum um það að eitt tungumálið sé öðru fremra, reynist misræmi í þýðingum. Í 1. mgr. 5. gr. er orðið „réttindi“ notað, þar sem Danir og Norðmenn og Svíar nota orðið „retsstilling“ sem merkir réttarstaða. Sé íslenski textinn túlkaður til samræmis við Skandinavísku textana, má ljóst vera að NIB er ætlað að hafa sömu réttarstöðu hér á landi og innlendir lögaðilar sem reka sambærilega starfsemi. Þessa

Samningar um erlend lán – ríkisábyrgðargjald er hærra en ávinningurinn af ríkisábyrgðinni

Um þessar mundir standa yfir samningar við erlenda lánardrottna gömlu fjárfestingarlánasjóðanna um yfirtöku Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. á skuldbindingum sjóðanna við þá. Mikil vinna hefur verið lögð í það að kynna fyrirhugaðar breytingar sem best fyrir erlendum lánveitendum. Fjárfestingarbankinn hefur verið kynntur fyrir lánveitendunum svo og rekstrarumhverfi hans. Jafnframt hefur gildandi fyrirkomulag á ríkisábyrgðargjaldi verið kynnt fyrir þeim, og við einstaka banka hafa verið viðrarðar hugmyndir um það hvort mögulegt sé að bankarnir falli frá ríkisábyrgðinni, þar sem gjaldið sé mun hærra en sem nemur því vaxtahagræði sem FBA nýtur fyrir ríkisábyrgðina. Það er ljóst að ríkisábyrgðargjaldið er baggi á þeim stóru aðilum sem það greiða. Sem dæmi má nefna, að í vor tóku Iðnlánasjóður og Íslandsbanki hf. lán á sama tíma í London. Vaxtaálagið sem Iðnlánasjóður fékk nam 0,10% yfir LIBOR-vöxtum, en lán Íslandsbanka hf. ber vexti sem nema 0,1875% yfir LIBOR-vöxtum. Af þessu sést að 0,25% ríkisábyrgðargjald gerir meira en að jafna samkeppnisstöðuna. Að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjaldsins er kostnaður Iðnlánasjóðs af láninu 0,35% yfir LIBOR, kostnaður Íslandsbanka er áfram 0,1875%. Munurinn er 0,1625% en það er gríðarlega hátt hlutfall í harðnandi samkeppni á innlendum lánamarkaði þar sem vaxtamunur hefur dregist mjög hratt saman. Vaxtamunur sem sterkum innlendum fyrirtækjum bjóðast á innlendum fjármagnsmarkaði er á bilinu 0,7-1,2% yfir LIBOR-vöxtum, þannig að 0,16% munur er mjög hár, hann jafngildir því að Íslandsbanki hafi 40-50% meiri tekjur af endurláni lánsins til aðila sem nýtur bestu kjara, miðað við þessar forsendur. Það er því ljóst að FBA mun þegar í upphafi næsta árs hefja undirbúning að því að semja sig frá ríkisábyrgðinni og þar með ríkisábyrgðargjaldinu, en það er greinilegt skv. framansögðu að ríkisábyrgðargjaldið jafnar ekki samkeppnisstöðu aðila, það færir þeim sem ekki greiða gjaldið gríðarlegt samkeppnisforskot á þá sem greiða það.

Aðstaðan varðandi innlend lán

Í greinargerð um samkeppnisstöðu viðskiptabankanna sem unnin var af Seðlabanka Íslands 22. mars 1995 og birt er í skýrslu nefndarinnar um ríkisábyrgðir kemur fram, að ríkisábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankann virðist ekki færa þeim merkjanlegan ávinning í vaxtakjörum á innlánum og skemmri innlendum og erlendum lánum. Á skuldabréfamarkaði innanlands er hins vegar merkjanlegur munur svo og á erlendum lánum. Sá munur er hins vegar óverulegur og nemur hvergi nærri 0,25% á ársgrundvelli. Aðstaðan varðandi þær innlendu skuldbindingar sem FBA yfirtekur frá sjóðunum er hins vegar önnur en með erlendu lánin. Almennt er ekki unnt að greiða skuldabréfin upp fyrir gjalddaga, erfitt kann að reyna að hafa uppi á kröfuhöfum. FBA getur því ekki brugðist við hækkum ríkisábyrgðargjalds á nokkurn hátt, hann verður einfaldlega undir í samkeppni um lán í innlendum gjaldmiðli. Hið sama á við um lán sjóðanna frá NIB, þ.e. að uppgreiðsluheimildir á þeim lánnum eru fátíðar og sammingsbundnar heimildir til endursamninga eru takmarkaðar, þannig að FBA getur ekki varið sig fyrir þessum hækkunum.

Innlán eru undanþegin ríkisábyrgðargjaldi

Þá ber að líta til þess, að skv. 7. gr. frumvarpsins greiðist ekki ríkisábyrgðargjald af innlánnum innlánsstofnana, þannig að Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. fá þannig forskot í samkeppni við FBA. Á bls. 9 í skýrslu nefndarinnar eru færð þau rök fyrir þessari undanþágu að innlánin séu tryggðar með sérstökum hætti og er þá væntanlega verið að vísa til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka. Tryggingarsjóður viðskiptabanka tryggir hins vegar ekki eigendur innlána að fullu fyrir tapi, þar sem gert er ráð fyrir því í 3. mgr. 80. gr. l. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði að komið geti til þess að eignir tryggingarsjóðs hrökkvi ekki til greiðslu heildarfjárhæða tryggðra innstæðna. Komi til þess, ber ríkissjóður ábyrgð á því sem ekki fæst greitt af þeim innlánnum sem stofnað er til fyrir 1. janúar 1998. Ekki er gert ráð fyrir að greitt sé ríkisábyrgðargjald vegna þeirrar ábyrgðar og í því felst mismunur gagnvart lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem óheimilt er að taka við innlánnum.

málgrein hefur Iðnlánasjóður túlkað á þann hátt að sjóðnum sé ekki skylt að greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs vegna lána frá NIB, þrátt fyrir að NIB sé erlendur aðili, þar sem það myndi brjóta í bága við 1. mgr. 5. gr. sammingsins. NIB teldist ekki njóta sömu réttarstöðu á Íslandi ef innlendir bankar gætu boðið Iðnlánasjóði 25 pt. verri kjör en NIB en samt verið samkeppnisfærir við NIB.

Tillaga að breytingu

Undirritaðir vilja fara þess á leit, að við ákvæði til bráðabirgða verði bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:


“Álagning ríkisábyrgðargjalds skv. 6. gr. vegna skuldbindinga gagnvart öðrum en erlendum aðilum kemur til framkvæmda í áföngum, þannig að frá og með 1.1.1999 greiðast 20% af gjaldinu, frá og með 1.1.2000 greiðast 40% af gjaldinu, frá og með 1.1.2001 greiðast 60% af gjaldinu, frá og með 1.1.2002 greiðast 80% af gjaldinu og frá og með 1.1.2003 greiðist gjaldið að fullu.”

Með þessu móti er dregið úr því óhagræði sem FBA yrði fyrir ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum, en það gæti haft veruleg áhrif á afkomu félagsins sem hefur aftur áhrif á markaðsverð hlutabréfa þess sem í dag eru öll í eigu ríkisins en áformað er að selja 49% þeirra á næsta ári. Þó þessi breyting sé gerð á frumvarpinu, er angu að síður komið til móts við þau grundvallarsjónarmið sem búa að baki lagasetningunni, þ.e. að draga úr ríkisábyrgðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.


Bjarni Ármannsson, forstjóri


Tómas Sigurðsson, hdl.